Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar www.hvalfjardarsveit.is og fylla út almenna atvinnuumsókn Umsókn þarf að fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til kennslu, meðmæli, upplýsingar um frumkvæði á sviði skólamála og annað er málið varðar. Öllum umsóknum verður svarað

**Nánari upplýsingar:**
Laufey Jóhannsdóttir sveitarstjóri, sími 4338500 laufey@hvalfjardarsveit.is
Vefsíður skólanna eru www.skyjaborgin.is og www.heidarskola.is/

*Í Hvalfjarðarsveit er mannvænt og blómlegt samfélag. Með nýjum lögum og námskrám fyrir leik- og grunnskóla skapast tækifæri til þess að hafa heildarsýn yfir skólamál sveitarfélagsins á einni hendi. Með sameiningunni er leitast við að efla faglegt starf , skapa samfellu í menntun og skólastarfi og byggja upp skólabrag með þeim hætti að það verði eftirsóknarvert að búa og ala upp börn í Hvalfjarðarsveit.*

## CONSULAR ASSISTANT TEMPORARY PART-TIME

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir lausa til umsóknar stöðu Consular Assistant í tímabundið hlutastarf.

**Umsóknarfrestur er til 28 mars, 2011.** Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for a temporary part time position of Consular Assistant. **The closing date for this position is March 28, 2011.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application and resumé to: reykjavikvacancy@state.gov



# Við leitum að framreiðslumanni

**Nú er tækifærið!** Perlan er að leita að framreiðslumanni í fullt starf.

Nánari upplýsingar hjá Elíasi, yfirframreiðslumanni í síma 865-6664.

**Sendið umsóknir til perlan@perlan.is.**

## HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

## Staða sérfræðings í hafeðlisfræði

Hafrannsóknastofnunin óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við rannsóknir á sviði hafeðlisfræði. Starfið felur í sér þátttöku í rannsóknarverkefnum, gagnasöfnun á sjó, úrvinnslu gagna og birtingu á niðurstöðum. Umsækjendur þurfa að hafa lokið doktors- eða meistaraprófi í hafeðlisfræði, hafa reynslu af rannsóknum og birtingu niðurstaðna. Æskileg er umsækjandi hafi einnig reynslu af meðferð og úrvinnslu gagna frá ADCP straummælum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Héðinn Valdimarsson (hv@hafro.is) og Karl Gunnarsson (karl@hafro.is). Umsóknum, merktum „Hafeðlisfræði" skal skilað á skrifstofu Hafrannsóknastofnunarinnar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, eða á tölvupóstfangið hv@hafro.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Í umsókn skulu vera upplýsingar um menntun (afrit af prófskírteinum) og fyrri störf, ásamt nöfnum tveggja meðmælenda sem leita má til varðandi frekari upplýsingar.

**Umsóknafrestur er til 15. apríl 2011.**

Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið.

Hafrannsóknastofnunin er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf-og fiskirannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur 5 útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlífvera, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 160 starfmenn í þjónustu sinni.

Hafrannsóknastofnunin
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, s: 575 2000

## Verkefnisstjóri klasasamstarfs

Markaðsstofa ferðamála á Norðurlandi auglýsir eftir verkefnisstjóra til að stýra klasasamstarfi um aukið millilandaflug til Norðurlands.
Um er að ræða tímabundið verkefni í 6 mánuði.

**Hæfniskröfur:** Verkefnisstjórinn skal hafa haldgóða þekkingu á innviðum ferðaþjónustunnar og menntun sem nýtist í starfi. Háskólapróf er æskilegt en ekki krafa. Umsækjandi þarf að vera búinn góðum mannkostum, eiga auðvelt með samskipti við annað fólk, sýna frumkvæði, djörfung og dug. Góð enskukunnátta er skilyrði. Eitt Norðurlandamál til viðbótar er kostur.

**Ráðningartími:** Tekið verður sérstakt tillit til þess hversu fljótt viðkomandi getur hafið störf en ráðningartíminn er 6 mánuðir.

**Umsóknarfrestur er um starfið er til 27. mars 2011.**
Umsóknir berist til Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi, Skipagötu 9, 600 Akureyri.
Nánari upplýsingar gefur Ásbjörn Björgvinsson í síma 462-3300 / 891-9820.

Norðurland Markaðsstofa ferðamála á Norðurlandi
www.nordurland.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið



## Garðyrkjufólk vantar til starfa!

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða garðyrkjumenn eða fólk vant garðyrkjustörfum til starfa á verkbækistöð garðyrkjunnar og í útmörk. Viðkomandi þurfa að vera samvinnufúsir og eiga gott með mannleg samskipti og hafa góða almenna þekkingu á öllu er lítur að viðhaldi skrúðgarða og útivistarsvæða og hafa bílpróf.

Störfin tilheyra skrifstofu náttúru og útivistar en meðal verkefna hennar er viðhald allra skrúðgarða borgarinnar sem og trjágróðurs og blómabeða á opnum svæðum og stofnanalóðum, gróðursetningar á grænum svæðum og umsjón með ræktun og gerð náttúrustíga í útmörkinni, þ.e. á skógræktarsvæðum og stöðum þar sem náttúrulegt yfirbragð er látið halda sér í meginatriðum.

Krafist er náms frá Garðyrkjuskóla ríkisins eða sambærilegrar menntunar frá erlendum garðyrkjuskólum eða reynslu af garðyrkjustörfum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga og Reykjavíkurborgar.

**Nánari upplýsingar um störfin veita**

- Guðný A. Olgeirsdóttir yfirverkstjóri - Verkbækistöð 1 í síma 411 1111
- Björn Júlíusson - Útmörk í síma 411 1111

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um stafið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is. Ferilskrár, afrit af prófskírteinum og önnur gögn skal senda inn sem viðhengi með umsókn eða á netfangið helga.bjorg.ragnarsdottir@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til 3. apríl 2011.**

# Málmsmíði og samsetning

Við leitum að hæfileikaríkum og faglærðum iðnaðarmönnum í málmsmíði og samsetningu og vekjum athygli á að störfin henta jafnt konum sem körlum.

**Starfssvið:**

- Smíði úr ryðfríu stáli
- Samsetning tækja og búnaðar
- Frágangur og pökkun í gáma

**Hæfniskröfur:**

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af smíði er æskileg
- Reynsla af tigsuðu er æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 28. mars nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Pálsson, bjorn.palsson@marel.com, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3500 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com



marel



# Deildarstjóri Tækni og Hönnunardeildar VHE

**VHE er að leita eftir deildarstjóra yfir tækni og hönnunardeild fyrirtækisins. Deildin er skipuð hæfileikaríkum starfsmönnum á sviði vélahönnunar, rafmagnshönnunar og iðntölvuforritunar.**

## Starfssvið:

- Daglegumsjón tækni og hönnunardeildar
- Mótun á stefnu tæknideildar
- Samskipti við viðskiptavini
- Verkefnastjórnun

## Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun af sviði véla-, iðnaðar- eða rafmagnsverkfræði
- Haldgóð reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði, fagmennska og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stjórnunarhæfileikar, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð.
- Góð íslensku og enskukunnátta.

**VHE hefur í tæp 40 ár rekið vélaverkstæði þar sem boðið er upp á alla almenna þjónustu varðandi viðhald og smíði véla og tækjabúnaðar. Í dag býður fyrirtækið uppá margvíslega þjónustu á sviði hönnunar, smíði og viðhalds á öllum gerðum véla og tækja. VHE hefur á að skipa færum og reynslumiklum starfsmönnum, sem eru reiðubúnir að taka að sér fjölbreytt og krefjandi verkefni.**

**Í dag er fyrirtækið rekið á tveimur starfsstöðvum Hafnarfirði og Reyðarfirði með samtals um 300 starfsmönnum. Fyrirtækið hefur verið leiðandi síðastliðin ár í þjónustu við Stóriðju á Íslandi og hefur aflað sér gríðarlegrar reynslu og þekkingu í að takast á við lítil sem stór verkefni.**

Umsóknarfrestur er til og með 27. mars nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu **VHE**, **www.vhe.is**

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 575-9700

**Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.**
**Melabraut 21-27, 220 Hafnarfirði**
**Hrauni 5, 730 Reyðarfirði**
**Sími: 575 9700 www.vhe.is**

VHE VÉLAVERKSTÆÐI

# HÁTÍÐ HAFSINS 4.-5. júní 2011

## Taktu þátt í Hátíð hafsins!

Stjórn Hátíðar hafsins auglýsir aðstöðu til sölu- eða kynningarstarfsemi á hátíðarsvæðinu. Einkum er óskað eftir aðilum sem selja listmuni og handverk, ýmislegt tengt hafinu, skipum, fiski og sjómennsku. Ekki verða leigð tjöld til sælgætissölu.

Undanfarin ár hafa hátt í 20.000 gestir sótt hátíðina á Grandanum og notið fjölbreytilegrar dagskrár þar sem saman fer skemmtun, fróðleikur og keppni.

Umsóknareyðublöð og frekari upplýsingar má nálgast á vef hátíðarinnar: **www.hatidhafsins.is**

Umsóknarfrestur er til **15. apríl**.

Verkefnastjórn áskilur sér rétt til að taka hvaða umsókn sem er eða hafna öllum.

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

SJÓMANNADAGURINN

---

HOTEL ÓÐINSVÉ

## Starfsmaður í móttöku

Fjölbreytt og skemmtilegt starf á líflegum vinnustað.

**Óskum eftir að ráða starfsmann í fullt starf.**
Starfið er vaktavinna í móttöku á dagvöktum og um helgar. Umsækjandi þarf að hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun, ríka þjónustulund, góða framkomu, færni í samskiptum, haldgóða tölvukunnáttu, og tala og skrifa íslensku, hafa gott vald á ensku og helst einu öðru tungumáli. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsækjendur sendi umsókn ásamt ferilskrá og mynd á Hótel Óðinsvé, Óðinstorgi, 101 Reykjavík, eða á mottaka@odinsve.is fyrir **28. mars nk**. merkt starfsumsókn.

---

## Nalunaq Gold Mine A/S in south Greenland is urgently looking for:

- Experienced Plant Foremen and operators for a small but complex gold plant
- Experienced Mechanical Foremen to coordinate and supervise the Plant repair crew
- Skilled Boilermakers and Fabricators
- Experienced underground jumbo drillers, longhole drillers, jackleg stopers

Preference will be given to applicants who have worked in mines, and speak good English.

Please apply to: joan.plant@angelmining.com
Visit out website: www.angelmining.com

NALUNAQ GOLD MINE A/S

---

# Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

HEILSUGÆSLAN

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) leitar eftir sérfræðingum í heimilislækningum eða öðrum læknum til starfa við heimilislækningar.**

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins samanstendur af fimmtán heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði

Hlutverk HH er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi.

## Sérfræðingar í heimilislækningum

Lausar eru til umsóknar stöður heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Krafist er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Nánari upplýsingar er að finna á www. heilsugaeslan.is.

## Læknar með viðurkenningu úr öðrum greinum en heimilislækningum

HH leitar eftir læknum sem hafa sérfræðiviðurkenningu í annarri grein og hafa hug á því skipta um sérgrein.

HH er í samstarfi við Velferðarráðuneytið um skipulagt sérnám í heimilislækningum og mundi viðkomandi ganga inn í það. Hjá HH er starfandi kennslustjóri sérnáms í heimilislækningum á landsvísu.

Ráðningin er háð þeim skilyrðum að viðkomandi sé tilbúinn að hefja nám og öðlast sérfræðiviðurkenningu í heimilislækningum skv. nánara samkomulagi við HH. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Nánari upplýsingar er að finna á www. heilsugaeslan.is.

## Sérnám í heimilislækningum

Lausar eru til umsóknar námsstöður lækna á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

HH er í samstarfi við Velferðarráðuneytið um skipulagt sérnám í heimilislækningum. Námið byggir á marklýsingu FÍH um sérnám í heimilislækningum. Hjá HH er starfandi kennslustjóri sérnáms í heimilislækningum á landsvísu.

Sérnám í heimilislækningum tekur um 5 ár og fer fram á heilsugæslustöðvum og viðurkenndum sjúkrahúsum hérlendis og/eða erlendis. Hver sérnámslæknir hefur einn aðalleiðbeinanda sem fylgir honum eftir allt námstímabilið. Auk þess eru ábyrgir kennslustjórar og leiðbeinendur á hverri heilbrigðisstofnun þegar sérnámslæknirinn fer á milli stofnana.

Krafist er að umsækjandi hafi almennt lækningaleyfi. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Nánari upplýsingar er að finna á www. heilsugaeslan.is.

## Læknar í afleysingar

Læknar óskast í afleysingar við heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall getur verið samkomulagsatriði.

Starfið gæti hentað þeim sem áhuga hafa á sérnámi í heimilislækningum og vilja kynna sér hvort heimilislækningar komi til greina sem framtíðarstarf.

Krafist er að umsækjandi hafi almennt lækningaleyfi. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Nánari upplýsingar er að finna á www. heilsugaeslan.is.

Nánari upplýsingar um stöðurnar veita: Lúðvík Ólafsson, lækningarforstjóri HH í síma 585 1300 eða á netfangi: ludvik.olafsson@heilsugaeslan.is og Grétar Guðmundsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs HH í síma 585 1300 eða netfangi: gretar.gudmundsson@heilsugaeslan.is.

**Umsóknir ásamt staðfestum upplýsingum um læknismenntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf sendist til starfsmannasviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins Álfabakka 16, 109 Reykjavík, fyrir 3. apríl n.k.**

**Reykjavík, 19. mars 2011**
**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins**
**www.heilsugaeslan.is**
**Álfabakka 16**
**109 Reykjavík**

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins • Álfabakka 16 • 109 Reykjavík • www.heilsugaeslan.is**

---

Hlíðaból

## Hefur þú heyrt um Hlíðaból

Leikskólinn Hlíðaból er staðsettur í Glerárhverfi á Akureyri. Hann er einkarekinn í eigu Hvítasunnukirkjunnar. Deildirnar eru aldursblandaðar og dvelja um það bil 25 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára á hvorri deild.

Hugmyndafræði leikskólans byggir á kristilegum grunni og er það haft sem útgangspunktur fyrir annað starf.

Kristin gildi, svo sem tillitsemi, virðing, umhyggja og sjálfsagi eru í heiðri höfð. Markvisst er unnið að því að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna og er því lögð áhersla á virkni og athafnasemi. Börnin læra hverju þau geta sjálf áorkað undir öruggri handleiðslu hæfra starfsmanna og í skjóli trúarinnar á Guð, skapara sinn.

Agastefna leikskólans byggir á SMT-skólafærni sem vinnur að því að styrkja jákvæða hegðun. Leikskólinn hefur flaggað Grænfánanum frá 2006.

Nú er svo komið að okkur vantar fleiri leikskólakennara til liðs við okkur. Tvær 100% stöður eru að losna. Önnur er laus nú þegar en hin frá byrjun júní.

**Við leitum eftir starfsmanni sem:**
er með leikskólakennaramenntun eða aðra sambærilega menntun sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum er jákvæður og með góða þjónustulund
hefur mikinn metnað fyrir starfinu
Góð kunnátta í íslensku skilyrði.

Ef þetta vekur áhuga þinn þá endilega hafðu samband eða sendu okkur línur.

Umsóknareyðublöð fast í Hlíðabóli Skarðshlíð 20, einnig er hægt að senda inn umsókn á netf. hlidabol@hlidabol.is nánari upplýsingar í síma 462-7411

Umsóknarfrestur er til 31. mars n.k.

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

- Skólastjóri Flataskóla
- Sumarstörf á heimilum fyrir fatlað fólk

Sjá nánar á vef Garðabæjar
www.gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Fjölskyldustofa Akraneskaupstaðar

### Laus staða

Við félagsþjónustu Akraneskaupstaðar er laus 50% staða.

Leitað er eftir starfsmanni með háskólamenntun á sviði sálfræði-, félags- eða heilbrigðisvísinda.

Æskilegt er að umsækjendur hafi starfsreynslu af verkefnum félagsþjónustunnar og viðbótarmenntun í meðferðarfræðum. Leitað er eftir einstaklingi sem á gott með að vinna með öðrum, beitir lausnarmiðaðri nálgun í starfi og sýnir frumkvæði

Umsóknarfrestur er til 25. mars 2011. Umsókn skal send til félagsmálastjóra, Stillholti 16 – 18 sem einnig veitir nánari upplýsingar netfang: sveinborg.kristjans-dottir@akranes.is

Akraneskaupstaður

## STARFATORG.IS

### *Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Starfsm. á sviði starfsmannamála | Lögreglan á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201103/071 |
| Læknaritari | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201103/070 |
| Verkefnisstjóri í námsefnisgerð | Námsgagnastofnun | Reykjavík | 201103/069 |
| Fulltrúi á þjónustuborði | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201103/068 |
| Starf hljóðmanns | Þjóðleikhúsið | Reykjavík | 201103/067 |
| Starf í leikgerva- og förðunardeild | Þjóðleikhúsið | Reykjavík | 201103/066 |
| Starf í miðasölu | Þjóðleikhúsið | Reykjavík | 201103/065 |
| Hjúkrunarfr., hjúkrunarfr.n., sjúkral. | St. Jósefsspítali, Sólvangur | Hafnarfjörður | 201103/064 |
| Starf við hjartaómun | LSH, hjartarannsóknarstofa | Reykjavík | 201103/063 |
| Matráður | Vegagerðin | Akureyri | 201103/062 |
| Sérfr. í svæfingum og gjörg.lækn. | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201103/061 |
| Sérfræðingur í hafeðlisfræði | Hafrannsóknastofnunin | Reykjavík | 201103/060 |
| Sérfræðingur í vísitöludeild | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201103/059 |
| Rekstrarstjóri | Iðnaðarráðuneytið | Reykjavík | 201103/058 |
| Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar | Vatnajökulsþjóðgarður | Skriðuklaustur | 201103/057 |
| Lyfjatæknir | Lyfjagreiðslunefnd | Reykjavík | 201103/056 |
| Lyfjafræðingur | Lyfjagreiðslunefnd | Reykjavík | 201103/055 |
| Umsjónarmaður | HÍ, rekstur fasteigna | Reykjavík | 201103/054 |
| Starfsfólk | HÍ, rekstur fasteigna | Laugarvatn | 201103/053 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

# Reynsluboltar óskast til starfa

**Vélamiðstöðin óskar eftir að bæta við kraftmiklum, jákvæðum starfsmönnum í fjölskylduna**

VÉLAMIÐSTÖÐIN
1964

Vélamiðstöðin er rekin af **Íslenska Gámafélaginu** sem leitast við að bjóða viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði umhverfisþjónustu. Vélamiðstöðin sérhæfir sig í metanbreytingum og leigu sérútbúinna bifreiða. **Hjá Íslenska Gámafélaginu starfa 240** manns víða um land.

Starfsmannastefna fyrirtækisins sækir stuðning í heimspeki fisksins **„Fish Philosophy“.** Starfsmannastefnan lýsir vilja fyrirtækisins til að vera framúrskarandi vinnustaður, þar sem metnaðarfullt starf er unnið af jákvæðu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Starfsmannastefnunni er ætlað að tryggja starfsmönnum sem best starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi.

## Verkstjóri á metanverkstæði

**Hæfniskröfur:**

- Menntun eða haldbær starfsreynsla á sviði bifvélavirkjunar
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun og rekstri
- Útsjónarsemi, metnaður, skipulagning og góðir samskiptahæfileikar nauðsynlegir
- Reynsla af sölustörfum æskileg

## Bifvélavirki í almennar viðgerðir

**Hæfniskröfur:**

- Menntun eða haldbær starfsreynsla á sviði bifvélavirkjunar eða sambærilegt
- Góð þekking á tölvuumhverfi bíla
- Reynsla af rafmagnssviði er æskileg
- Útsjónarsemi, metnaður og góðir samskiptahæfileikar

metanbill

**Nánari upplýsingar veitir Helga Fjóla Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs.**
**Umsóknafrestur er til og með 23. mars 2011**
**Sendu fyrirspurnir og umsóknir á netfangið helga@igf.is**

**www.metanbill.is**
**www.velamidstodin.is**

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

# Forritari

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er í fremstu röð við framsetningu og miðlun stafræns menningarefnis og framundan eru viðamikil verkefni við gerð, varðveislu og birtingu á stafrænum safnkosti okkar. Því leitum við að liðsstyrk við upplýsingatæknihópinn okkar.

Upplýsingatæknihópur safnsins vinnur að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum í metnaðarfullu starfsumhverfi. Við bjóðum upp á gott starfsumhverfi með möguleikum á sí- og endurmenntun og fjölskylduvænan vinnutíma.

**Helstu verkefni**
- Þróun hugbúnaðar
- Aðlögun og innleiðing á sérhæfðum hugbúnaði
- Þátttaka í fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði tölvunar-, verk- eða kerfisfræði eða reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking á Java forritunarmálinu er skilyrði
- Reynsla af notkun Linux er skilyrði
- Þekking á Spring, MySQL, PostgreSQL, Eclipse, Hibernate og Maven2 er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð og samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristinn Sigurðsson, fagstjóri upplýsingatækni, kristinn@landsbokasafn.is, s. 525-5656.

Umsóknir merktar „**Forritun**" sendist til Vigdísar Eddu Jónsdóttur, starfsmannastjóra, á vigdise@landsbokasafn.is **til og með 27. mars 2011**. Öllum umsóknum verður svarað. Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhlöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is
Þekkingarveita í allra þágu

# Hópkaup auglýsir eftir markaðsfulltrúum

**Ert þú sniðug/ur, hress og hefur áhuga á markaðsmálum?**

Við getum kennt þér að **selja**, en við getum ekki kennt þér að vera **hress**.

**Hópkaup** er nýtt fyrirtæki sem vinnur að því að auka viðskipti samstarfsaðila sinna með vinsælustu tilboðsaðferð Bandaríkjanna í dag (**Groupon**).

Áhugasamir sendið umsókn strax á **umsokn@hopkaup.is**.

**Hæfniskröfur:**
- Hressleiki
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á markaðsmálum
- Sjálfstæði
- Söluhæfileikar

HÓPKAUP
**í krafti fjöldans**

Nóatúni 17 - 105 Reykjavík - hopkaup.is - Sími 520 1030

PIPAR\TBWA • SÍA • 110641

sagafilm
**Við höfum þekkinguna!**

## Viltu starfa í spennandi fyrirtæki þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín?

**Sagafilm er stærsta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði sjónvarpsframleiðslu, kvikmyndaframleiðslu og atburðastjórnar. Hjá Sagafilm starf nú hátt í 40 manns.**

## Við leitum að öflugum hljóðmanni til starfa með okkur í Sagafilm



Hæfniskröfur:
- Reynsla af hljóðsetningu á Protools
- Reynsla af upptökum á tökustað
- Reynsla af hljóðblöndun við beinar útsendingar
- Gott vald á íslensku sem og ensku
- Þægilegt viðmót og lipurð í samskiptum
- Stundvísi
- Gott eyra

Umsóknir berist til Sagafilm, Laugavegi 176, 105 Reykjavík, merktar Hljóð 2011, **fyrir 31.03.2011**

PRESSA NÆTURVAKTIN Stelpurnar RIKKI RÉTTUR DAGVAKTIN BJARNFREÐARSON Marteinn Ástríður Idol FANGAVAKTIN Mamma Videó

www.sagafilm.is | sagafilm@sagafilm.is

## Starfsmaður í fiskeldi á Suðurlandi

matorka

Vegna aukinna umsvifa óskar Íslensk matorka ehf. eftir að ráða starfsmann til starfa hjá fyrirtækinu. Um er að ræða störf við fiskeldisstöðvar félagsins að Fellsmúla og Galtalæk í Landssveit í Rangárþingi Ytra. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu og/eða þekkingu á fiskeldi, vélbúnaði eða vinnu við landbúnað.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Sveinbjörn Oddsson (sveinbjorn@matorka.is) sími 8978953.

Umsóknir skulu sendar á Íslenska Matorku með tölvupósti á **sveinbjorn@matorka.is** fyrir **1. apríl 2011**.

Íslensk matorka starfrækir tvær fiskeldisstöðvar. Í dag er félagið með eldi á bleikju og tilapiu. Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins er að finna á heimasíðu þess **www.matorka.is**

VINNUEFTIRLITIÐ
Bildshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is www.vinnueftirlit.is

## Námskeið um notkun sprengiefna

Dagana 11. – 15. apríl 2011 verður haldið námskeið í Reykjavík um meðferð sprengiefna ef næg þátttaka fæst. Námskeiðið sem er fræðilegt er ætlað þeim sem öðlast vilja réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu samkvæmt reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni. Skrá skal þátttöku á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is í síðasta lagi miðvikudaginn 6. apríl 2011.
Greiða skal námskeiðsgjald sem er kr. 82.800, á skrifstofu Vinnueftirlitsins, Bíldshöfða 16, Reykjavík í síðasta lagi miðvikudaginn 6. apríl 2011.
**Athugið að fjöldi þátttakanda er takmarkaður.**

## 15003 - Flugsæti til og frá Íslandi
## RAMMASAMNINGUR

Ríkiskaup, fyrir hönd áskrifenda að rammasamningakerfi Ríkiskaupa á hverjum tíma, standa fyrir þessu útboði vegna flugsæta til og frá Íslandi. Heimilt er að bjóða í einstakar flugleiðir eða allar. Útboðið tekur eingöngu til ferðalaga lofteiðis og tengist ekki bókunum á hótel herbergjum, bílaleigubílum né annarri ferðaþjónustu.

Tilefni þessa útboðs er krafa til opinberra starfsmanna um lækkun ferðakostnaðar t.d. með því að ferðast minna, skipuleggja ferðalög með góðum fyrirvara og kaupa flugfar á besta fáanlega verði á hverjum tíma.

Í þessu útboð eru boðnar út tíu flugleiðir:

1. Reykjavík – Kaupmannahöfn
2. Kaupmannahöfn - Reykjavík
3. Reykjavík – London
4. London - Reykjavík
5. Reykjavík – Brussel
6. Brussel - Reykjavík
7. Reykjavík – New York
8. New York – Reykjavík
9. Reykjavík – Boston
10. Boston - Reykjavík

Stefnt er því að semja við fleiri en einn aðila um eina, tvær, þrjár eða fleiri flugleiðir um viðskipti þessi.

Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum sem eru rafræn og aðgengileg á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is eigi síðar en 23. mars.

Opnunartími tilboða er 5. maí 2011 kl.14:00 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

# Aðalfundur

MATVÍS

Aðalfundur MATVÍS, matvæla-og veitingafélags Íslands, verður haldinn þann 23. mars n.k. að Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogs megin.

Fundurinn hefst kl. 16.00

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar.

Sjóðurinn BLIND BÖRN á Íslandi

Sjóðurinn **Blind börn á Íslandi** veitir styrki til blindra og sjónskertra barna á Íslandi allt að 18 ára aldri. Úthlutað verður styrkjum úr sjóðnum fyrir Sumardaginn fyrsta sem er 21.apríl næstkomandi.
**Umsóknir um styrki þurfa að hafa borist eigi síðar en 19. apríl 2010.**
Umsóknir skal senda til Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík eða á netfangið klara@blind.is
Umsóknir skulu vera skriflegar og þeim fylgja kostnaðaráætlun vegna þess sem sótt er um.

## Atvinnurekendur - Einyrkjar

Er bókhaldið í lagi?
Tek að mér bókhald, vsk-uppgjör og launaútreikning.
Vönduð vinnubrögð.
Upplýsingar í síma: 867-5900

# AÐALFUNDUR SFR
## stéttarfélags í almannaþjónustu

Aðalfundur SFR stéttarfélags í almannaþjónustu verður haldinn þriðjudaginn 29. mars, kl. 17, að Grettisgötu 89, 1. hæð.

Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum SFR.

DAGSKRÁ:
1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar félagsins
3. Lagabreytingar
4. Kosinn löggiltur endurskoðandi
5. Ákvörðun um iðgjald félagsmanna og skipting milli sjóða
6. Kosið í stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs
7. Fjárhagsáætlun
8. Ályktanir aðalfundar afgreiddar
9. Önnur mál

Á aðalfundinum verða teknar fyrir ýmsar lagabreytingar sem kynntar eru á vefsíðu SFR, www.sfr.is.
Ársskýrsla SFR verður ekki send til allra félagsmanna að þessu sinni, heldur verður hún aðgengileg á netinu viku fyrir aðalfund. Einnig munu eintök af henni liggja frammi á skrifstofu SFR, Grettisgötu 89, ásamt ársreikningi.

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

## ALÞJÓÐLEGIR FRIÐARSTYRKIR
### RÓTARÝHREYFINGARINNAR 2012-2014

**Rótarýsjóðurinn, ROTARY FOUNDATION,** sem rekinn er af Alþjóða Rótarýhreyfingunni, mun veita allt að 60 styrki til tveggja ára meistaranáms skólaárin 2012-2014. Styrkirnir verða veittir til náms og rannsókna sem tengjast alþjóðasamstarfi og eflingu friðar í heiminum og eru ætlaðir fólki sem þegar hefur reynslu af alþjóðastarfi auk þess að hafa lokið fyrstu háskólagráðu.

**Í þessu skyni hefur Rótarýsjóðurinn komið á samvinnu við sex virta háskóla:**

*Universidad del Salvador, Argentínu*
*University of Queensland, Ástralíu*
*Duke University & University of North Carolina, USA*
*University of Bradford, Englandi*
*International Christian University, Japan*

Styrkirnir, sem eiga að standa undir tveggja ára námskostnaði, eru alþjóðlegir samkeppnisstyrkir. Rótarýhreyfingin á Íslandi má senda eina umsókn. Val íslenska umsækjandans fer fram eftir ítarleg viðtöl og könnun á námsferli og störfum. Makar, afkomendur og makar afkomenda lifandi Rótarýfélaga geta ekki sótt um styrkinn. Tíu Íslendingar hafa fengið friðarstyrki frá því þeir voru fyrst veittir árið 2002.

Nánari upplýsingar um námið, háskólana og umsóknarskilmála er að finna á heimasíðu Rotary International: http://www.rotary.org/EN/STUDENTSANDYOUTH/EDUCATIONALPROGRAMS/ROTARYCENTERSFORINTERNATIONALSTUDIES/Pages/HowToApply.aspx . Umsóknareyðublaðið er að finna undir World Peace Fellowship. Einnig má nálgast upplýsingar á skrifstofu Rótarýumdæmisins (rotary@rotary.is). Sími 568-2233 (eða í síma 525-4818).

**Þeir sem hafa hug á að sækja um styrk eru beðnir um að senda ítarlegt æviágrip og lýsingu á markmiði með framhaldsnámi fyrir 27. apríl til Skrifstofu Rótarýumdæmisins, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík, merkt "Friðarstyrkur".**

**Umsóknir um dvöl í íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn 2011-2012**

ALÞINGI

Íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn skv. reglum um hús Jóns Sigurðssonar er laus til afnota tímabilið 31. ágúst 2011 til 28. ágúst 2012.

Allar nánari upplýsingar og sérstök eyðublöð er að finna á heimasíðu Jónshúss: jonshus.dk (Fræðimannsíbúð).

Umsóknir um íbúðina skulu hafa borist skrifstofu Alþingis eigi síðar en

**þriðjudaginn 12. apríl nk.**

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Innritun í framhaldsskóla fyrir haustönn 2011

Innritun í dagskóla er rafræn og verður sem hér segir:

**Forinnritun nemenda í 10. bekk**
**21. mars til 1. apríl**

Forinnritun nemenda í 10. bekk (fæddir 1995 eða síðar). Nemendur fá bréf frá ráðuneytinu með veflykli og leiðbeiningum afhent í grunnskólunum. Ráðuneytið hvetur nemendur eindregið til að taka þátt í forinnrituninni.

**Innritun annarra en 10. bekkinga**
**4. apríl til 31. maí**

Innritun eldri nemenda (fæddir 1994 eða fyrr) sem ekki eru nú í framhaldsskóla eða ætla að skipta um skóla. Umsækjendur fá veflykil á vefnum menntagatt.is.

**Lokainnritun nemenda í 10. bekk**
**16. maí til 9. júní**

Lokafrestur 10. bekkinga til að innrita sig eða breyta umsóknum úr forinnritun. Einkunnir umsækjenda verða sendar rafrænt frá grunnskólum til framhaldsskóla þann 11. júní.

**Starfsbrautir fyrir fatlaða**

Innritun á starfsbrautir er ekki rafræn og henni lauk 28. febrúar síðastliðinn. Þeir sem ekki hafa þegar sótt um geta þó sent viðkomandi framhaldsskóla skriflega umsókn til 1. apríl næstkomandi.
Stefnt er að afgreiðslu allra umsókna á starfsbrautir fyrir lok apríl.

Nánari upplýsingar eru veittar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og á menntagatt.is.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 19. mars 2011
menntamálaráðuneyti.is

**Frábær vinnuaðstaða í styttri eða lengri tíma (dag, viku, mánuði), í miðbæ Kaupmannahafnar til leigu. Afnot af interneti, síma, faxi o.fl.**

**Upplýsingar gefur Bragi í síma 0045-51316867**

## Húsnæði undir verslunarrekstur til leigu.

Um er að ræða 40m2 rými á Laugavegi
Upplýsingar gefur Gretar í síma 695-7047 / gretar@sagaz.is

## Húsnæði undir veitingarekstur til leigu.
**Tilbúinn veitingastaður til leigu á Laugavegi 55.**

Um er að ræða 150fm rými og tekur staðurinn á milli 50 og 60 manns í sæti, leyfi er fyrir stækkun uppá 75m2
Tilvalið fyrri einstakling sem hefur kunnáttu og metnað til að vinna sjálfstætt.

Upplýsingar gefur Gretar í síma 695-7047 gretar@sagaz.is

## Sölustarf á Íslandi, Kaupmannahöfn og Oslo

**Útgáfufyrirtæki óskar eftir að ráða sölufulltrúa í fullt starf og sumarafleysingar á Íslandi**

Einnig leitum við að sölufulltrúum í Oslo og Kaupmannahöfn (skilyrði að vera búsett/ur þar).
Fullt starf og hlutastarf í boði

Fyrirtækið gefur út fjöldann allan af ýmis konar ritum tengdum ferðaþjónustu, sjá heimasíðuna **www.sagaz.is**

Krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi.

Reynsla af sölu og kynningarmálum æskileg en ekki skilyrði. Árangurstengd laun.

Umsóknir skulu sendar á netfangið umsokn@sagaz.is

GEÐHJÁLP

Tilkynning:

Aðalfundi Geðhjálpar sem vera átti í dag, laugardag hefur verið frestað til laugardagsins 16. apríl.

Fyrir hönd Geðhjálpar

Stjórn Geðhjálpar

Landsvirkjun

**Búðarhálsvirkjun**
**Útboðsgögn BUD-08, nr. 20039**

**Rekstur mötuneyta og vinnubúða**

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í rekstur tveggja mötuneyta og vinnubúða við Búðarhálsvirkjun samkvæmt útboðsgögnum BUD-08, nr. 20039.

Verkið hefst í maí 2011 og lýkur í febrúar 2014.

Útboðsgögn BUD-08 verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, frá og með mánudeginum 21. mars 2011 gegn óafturkræfu gjaldi kr. 5.000.- fyrir hvert eintak.

Tilboðum skal skila í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 miðvikudaginn 27. apríl 2011, þar sem þau verða opnuð sama dag kl. 14:00 og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

# ÚTBOÐ

## Sláttur og hirðing í Laugarási og Reykholti

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið **„Sláttur og hirðing í Laugarási og Reykholti“.**

Samningstímabil þessa útboðs er frá 15. maí 2011 til 15. september 2013. Heildarstærð verkstaða samkvæmt útboðsgögnum er 70.892 m2.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Bláskógabyggðar í Aratungu, Reykholti, frá og með þriðjudeginum 22. mars gegn 5000 kr. skilagjaldi.

Kynningarfundur á útboðsgögnum og verkþáttum verður í Félagsheimilinu Aratungu kl. 14.00 miðvikudaginn 30. mars.
Í framhaldi af fundinum verður vettvangsskoðun á verkstöðum í Reykholti og Laugarási.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti, 801 Selfossi, fyrir kl. 14:15 fimmtudaginn 14. apríl 2011, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Nánari upplýsingar veitir Halldór K. Hermannsson sviðsstjóri þjónustu- og framkvæmdasviðs Bláskógabyggðar í síma 486-8726.

***Bláskógabyggð***

# ÚTBOÐ

## Sláttur og hirðing á Laugarvatni

Bláskógabyggð, Háskóli Íslands og Menntaskólinn að Laugarvatni óska eftir tilboðum í verkið **„Sláttur og hirðing á Laugarvatni“.**

Samningstímabil þessa útboðs er frá 15. maí 2011 til 15. september 2013. Heildarstærð verkstaða samkvæmt útboðsgögnum er 117.029 m2.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Bláskógabyggðar í Aratungu, Reykholti, frá og með Þriðjudeginum 22. mars gegn 5000 kr. skilagjaldi.

Kynningarfundur á útboðsgögnum og verkþáttum verður í Félagsheimilinu Aratungu kl. 14.00 miðvikudaginn 30. mars. Í framhaldi af fundinum verður vettvangsskoðun á verkstöðum á Laugarvatni.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti, 801 Selfossi, fyrir kl. 14:00 fimmtudaginn 14. apríl 2011, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Nánari upplýsingar veitir Halldór K. Hermannsson sviðsstjóri Þjónustu- og framkvæmdasviðs Bláskógabyggðar í síma 486-8726.

***Bláskógabyggð, Háskóli Íslands og Menntaskólinn að Laugarvatni***


Fasteignasalinn.is



Ásdís Ósk Valsdóttir
Lögg fasteignasali
GSM: 863 0402
asdis@fasteignasalinn.is

Sóleyjargötu 17 101 Reykjavík Sími: 863 0402 fasteignasalinn@fasteignasalinn.is

## Íbúð fyrir eldri borgara




**Skúlagata, 101 Reykjavík** **Opið hús í dag kl. 14.00 - 14.30**
2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérafnotarétti og stæði í bílageymslu. Margskonar þjónusta er til staðar fyrir borgara 60 plús. Hægt að kaupa heitan mat og boðið upp á ýmisskonar tómstundir. Afnot að heitum potti og gufubaði. **Verð: 19.600.000**

SKEIFAN FASTEIGNAMIÐLUN Suðurlandsbraut 46 • www.skeifan.is
Sími 568 5556 • Fax 568 5515




## Kringlan – Til sölu eða leigu:

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði, á 9 og 10. hæð (efstu) í Kringlunni.
Húsnæðið er skráð 232 fm. skv. Fasteignamati ríkisins en gólfflötur ca. 300 fm.
Húsnæðið er á tveimur hæðum, á 9. hæð er: m.a. stór og rúmgóð móttaka, 4. skrifstofuherbergi og opið vinnurými. 2 snyrtingar og tölvuherbergi.
Á efri hæð eru stórt og rúmgott fundarherbergi.Sérsmíðaðar innréttingar.
Gegnheilt parket og marmaraflísar á gólfum. **Glæsilegt útsýni. Lyfta.**

## OPIN HÚS Á MORGUN, SUNNUDAG FRÁ KL. 14-16




**Kaldalind 9 - Kópavogi**
**OPIÐ HÚS Á MORGUN, SUNNUDAG, FRÁ KL. 14-16**
Glæsilegt 223,0 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innb. 26,6 fm bílskúr . Stórar stofur með útgangi á svalir til vesturs og norðurs. Eldhús með vönduðum innréttingum og góðri borðaðstöðu. Þrjú svefnherbergi. Aukin lofthæð er í húsinu og innfelld lýsing er í loftum. Harðviðir eru í gluggum og útihurðum. Falleg ræktuð lóð með miklum veröndum og grjóthleðslum. Vel staðsett eign á góðum útsýnisstað. **Verðtilboð.**
**Elín tekur á móti fólki á morgun, sunnudag frá kl. 14-16.**




**Reynimelur 44 – 2ja herb. íbúð**
**OPIÐ HÚS Á MORGUN, SUNNUDAG, FRÁ KL. 14-16**
Falleg og vel skipulögð 60,4 fm. 2ja herb. íbúð á 1. hæð (gengið upp hálfa hæð) að meðtalinni sér geymslu í kjallara í þessu fallega steinhúsi. Rúmgóð og björt stofa, rúmgott svefnherbergi og eldhús með fallegum upprunalegum innréttingum. Nýlegt gler og gluggar eru í íbúðinni. Raflagnir og tafla eru nýleg. **Verð 18,9 millj.**
**Ragnar og Valgerður taka á móti fólki á morgun, sunnudag, frá kl. 14-16**



**Skildinganes.**
Fallegt 214,3 fm. einbýlishús á einni hæð með innb. bílskúr á þessum eftirsótta stað í Skerjafirðinum. Eignin skiptist m.a. í samliggjandi rúmgóðar stofur, arinstofu, eldhús með þvottaherbergi innaf, sjónvarpsstofu, 3 herbergi (4 á teikningu) og baðherbergi auk gesta snyrtingar. 640,0 fm eignarlóð. Hiti í innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús. . **Verð 73,9 millj.**



**Tjarnarstígur – Seltjarnarnesi**
Mikið endurnýjað um 200,0 fm.einbýlishús á tveimur hæðum á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Nýlega endurnýjað eldhús og baðherbergi, rúmgóðar stofur og sólskáli með útsýni til sjávar og 2 svefnherbergi auk fataherbergis.
**Frábær staðsetning.**
**Verð 56,9 millj.**



**Brúnavegur. Neðri sérhæð ásamt bílskúr.**
Vel skipulögð 106,4 fm. 5 herb. neðri sérhæð í þríbýlishúsi ásamt 24,8 fmbílskúr og um 20 fm sér geymslu í kjallara. Eignin skiptist m.a. í 3 svefnherb, samliggjandi rúmgóðar stofur með útgangi á svalir til suðurs. Eignin er staðsett rétt við Laugardalinn. Stutt í alla þjónustu, skóla o.fl.
**Laus fljótlega. Verð 29,9 millj.**



**Hjarðarhagi. 3ja herb. íbúð**
Falleg 81,4 fm íbúð á 1. hæð að meðtalinni sér geymslu í kjallara á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Rúmgóð stofa/borðstofa. Nýlega uppgert eldhús. Flísalagt baðherbergi. Stórar svalir til suðausturs. **Vel staðsett eign í göngufæri frá grunn og leikskóla og í nálægð við Háskólann. Lóð nýlega endurnýjuð. Verð 22,5 millj.**

FASTEIGNA-MARKAÐURINN
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955



**Gistihúsið Engimýri III í Öxnadal**
Til sölu 284 fm. fullbúið gistiheimili í góðum rekstri með mikla viðskiptavild, ásamt 20fm viðbyggingu. Húsið er staðstett á 27.900 fm. Eignarlóð í fallegu umhverfi. Gistihúsið að Engimýri í Öxnadal er heilsárs gistihús byggt 1992-3 staðsett aðeins 34 km vestan Akureyrar við þjóðveg númer 1. Vel útbúin veitingastaður er rekinn á staðnum samhliða gistingunni, 8 tveggja manna herbergi. Ýmis skipti koma til greina **Verð 57 m.kr.**



**Engimýri II í Öxnadal.**
Til sölu einbýlishús ásamt útihúsum og gróðurhúsi. Um er að ræða 20,500 fm. jörð sem á er 233,2 fm. einbýlishús, 440 fm. útihús, 87,5 fm fullkomið nýtt gróðurhús.Húsið hefur hlotið gott viðhald og er það nokkuð endurnýjað.
**Verð 35 m.kr. Hagstæð lán áhvílandi. Eignirnar seljast saman eða sitt í hvoru lagi.**




**Erluás 2. Hafnarfirði – Glæsileg 3ja herb. íbúð.**
**Opið hús Sunnudag 20.mars kl. 15-16. Íbúð 01-03.**

Glæsileg 91 fm íbúð á 2.hæð (jarðhæð norðanmegin – beint inn) í nýlegu fjölbýli á góðum útsýnisstað að Erluási nr. 2, Hfj. Sérinngangur, vandaðar innréttingar, parket, þvottaherb. Í íb, suðvestur svalir, fallegt útsýni m.a. Álftanes, Snæfellsnes, Reykjanes, Faxaflóa. Gluggar í stofu niðurað gólfi. Áhvílandi ca 13 millj. Íbúðalánasjóður. Laus svo til strax. Verð 20,9 millj. Hér er á ferðinni mjög góð, nýleg íbúð í eftirsóttu fjölbýli.
**Opið hús Sunnudaginn 20.mars kl. 15-16.**
**Nánari uppl., Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali. 896-5222**

VALHÖLL FASTEIGNASALA
**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

